



6.2.2. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018 og 1278/2018

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Aðkomuleiðir og umferðarsvæði innan lóðar

Í grein 6.2.2 í byggingarreglugerð segir:

„Aðkoma á lóð að byggingu skal skýrt afmörkuð og þannig staðsett að hún sé greiðfær og greinileg þeim sem að henni koma og henti fyrirhugaðri umferð.

Hönnun akbrauta, bílastæða, hjólastíga og gönguleiða innan lóða skal vera með þeim hætti að ekki skapist hætta fyrir gangandi eða hjólandi vegfarendur.

Almennt skal gæta þess að ekki séu þrep í gönguleiðum að inngangi bygginga. Hæðarmun skal jafna þannig að allir þeir sem ætla má að fari að inngangi byggingar komist auðveldlega um. Heimilt er að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar ef lóðir eru of brattar til að unnt sé að uppfylla þær kröfur með góðu móti.

Huga skal að merkingum fyrir blinda og sjónskerta við afmörkun gönguleiða, t.d. með litbrigðum og/eða með breytingu á gerð yfirborðsefnis, og fullnægjandi frágangi vegna umferðar hjólastóla. Hæðarbreytingar gönguleiða að byggingum skal merkja greinilega og í samræmi við þá umferð sem ætla má að fari þar um.

Lýsing og merkingar við alla gangstíga, hjólastíga, akbrautir og bílastæði skulu henta þeirri umferð sem gert er ráð fyrir á svæðinu. Auk skilta skulu vera yfirborðsmerkingar á gangbrautum yfir akbrautir.

Frágangur gangstíga, akbrauta, hjólastíga og bílastæða skal vera þannig að þar verði ekki uppsöfnun vatns og yfirborð skal henta fyrirhugaðri umferð.

Stæði fyrir bíla, reiðhjól og önnur farartæki skulu vera í samræmi við ákvæði gildandi deiliskipulags eða ákvörðun viðkomandi sveitarfélags á grundvelli 44. gr. eða 1. tölul. Bráða- birgðaákvæða skipulagslaga. Komi ekki fram krafa um ákveðna staðsetningu bílastæða eða stæða fyrir reiðhjól í skipulagi ber að hafa þau á sem öruggustu svæði innan lóðar.

Í þéttbýli skal frágangur bílastæða vera með þeim hætti að yfirborð þoli það álag sem þar verður og að möl eða laus jarðefni hvorki berist á gangstétt, götu eða nágrannalóð né fjúki úr yfirborðinu. Hentug efni geta verið ýmsar gerðir af bundnu slitlagi, hellulögn, sérstyrkt gras eða annað sambærilegt efni, sé ekki kveðið á um annað í deiliskipulagi.

Svæði vegna vörumóttöku og fólksflutninga skulu vera nægjanlega stór til að anna þeim flutningum sem búast má við á svæðinu. Leitast skal við að hafa almenn umferðarsvæði og svæði vegna vöruflutninga aðskilin.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“




Leiðbeiningar

1 Leiðbeiningar þessar gilda um aðkomuleiðir að byggingum og umferðarsvæðum innan lóðar. Almenn ákvæði um algilda hönnun aðkomu að byggingum er að finna í leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar við 6.2.3 gr.

2 Í 3. mgr. 6.2.2 gr. segir:

„Almennt skal gæta þess að ekki séu þrep í gönguleiðum að inngangi bygginga. Hæðarmun skal jafna þannig að allir þeir sem ætla má að fari að inngangi byggingar komist auðveldlega um.“

Hæðarmismun er best að leysa með skábrautum og hallandi aðkomuleiðum án þrepa. Kantur frá til dæmis bílastæði að fláa á gangstétt má að hámarki vera 25 mm hár til að fólk í hjólastól geti farið um hann. Kanturinn er nauðsynlegur fyrir sjónskerta og blinda til að þeir geti farið eftir gangstéttinni með Hvítan staf (þreifistaf). Æskilegt er að flái sé í öðrum lit en gangstétt og gata, þannig að sjónskertir sem ekki nota hvítan staf geti betur greint hæðarmismun og halla. Hámarks halli á fláa er 1:10 (10 %). Ef hallinn er meiri er hætta á að hjólastóll velti.




Mynd 1. Dæmi um fláa í gangstétt

3 Í 4. mgr. 6.2.2 gr. segir:

„Huga skal að merkingum fyrir blinda og sjónskerta við afmörkun gönguleiða, til dæmis með litbrigðum eða með breytingu á gerð yfirborðsefnis og fullnægjandi frágangi vegna umferðar hjólastóla. Hæðarbreytingar gönguleiða að byggingum skal merkja greinilega og í samræmi við þá umferð sem ætla má að fari þar um.“

Þegar gönguleið fer ekki um afmarkaðan stíg heldur til dæmis um torg eða opið svæði skal hún vera sýnileg og það á að vera hægt að merkja hana með fótsporur eða Hvíta stafnum (þreifistaf). Það er æskilegt að leggja leiðarlínu í yfirborðsefnið til að merkja áttir. Leiðarlínur eiga að vera þannig gerðar að sjónskertir og blindir með Hvíta stafinn (þreifistaf) geti notað þær til að rata. Leiðarlínur er hægt að setja til dæmis á aðkomutorg, torg, strætisvagnastoppistöðvar og til að vísa á inngang mannvirka og svo framvegis. Leiðarlínur ættu, þar sem því verður við komið, að vera eðlilegur hluti umhverfisins. Með því er átt við að oft er hægt að nota til dæmis kanta, brúnir, grindverk, blómabeð og þess háttar sem leiðarlínur.




Mynd 2. Dæmi um leiðarlínur og áherslumerkingarsvæði

Æskilegt er að setja annað yfirborðsefni fyrir framan inngangsdyr til að auðvelda sjónskertum að finna þær. Yfirborðsefni þarf að vera þannig að sjónskertir sjái það auðveldlega og blindir sem nota Hvíta stafinn (þreifistaf) finni auðveldlega fyrir því. Þetta er hægt að gera til dæmis með því að setja niðurfellda rist í sömu hæð og gólfefnið. Hámarksstærð ristargata er 9 mm til að hvíti stafurinn fari ekki í gegnum ristina og að leiðsögu- og hjálparhundar geti gengið yfir þær. Einnig er hægt gera þetta með til dæmis stálplötum, flísum eða hellum sem eru með að hámarki 5 mm háum upphleyptum hnöppum/munstri.



Mynd 3. Dæmi um yfirborðsefni



Mynd 4. Dæmi um yfirborðsefni


Litamismunur á yfirborðsefnunum skal vera að minnsta kosti 60 mælt í LRV kerfinu (LRV = lysrefleksionsværdi) eða 0,75 á NCS skalanum (hlutfall endurkastshæfni ljóss. NCS = Natural Color System). Hlutfall endurkastshæfni ljóss fyrir einstaka liti er hægt að nálgast til dæmis í atlas fyrir NCS litakerfið. Hlutfall endurkastshæfni ljóss fyrir einstaka liti dregst hvert frá öðru. Notið til dæmis ljóst upphleypt yfirborðsefni ef aðliggjandi yfirborðsefni er dökkt eða öfugt. Mikill mismunur skal vera á litunum þar sem hann minnkar með tímanum vegna þess að yfirborðsefnin óhreinkast. Forðast ber mjög dökka liti á ljósum yfirborðsefnum þar sem þeir geta virkað sem gat (hola) eða hæðarmunur fyrir til dæmis sjónskert fólk og fólk með heilabilun



Mynd 5. Mismunur í LRV 60




Gera skal áherslumerkingasvæði við hæðarbreytingar fyrir sjónskerta og blinda. Fyrir enda skábrauta og trappa í aðkomuleið er æskilegt að leggja annarskonar yfirborðsefni í lit og áferð í 0,9 m lengd frá brún skábrauta/trappa og í fullri breidd þeirra.



Mynd 6. Dæmi um áherslumerkingu

Tröppunef er best að merkja lárétt og lóðrétt að hámarki 40 mm á kant með efni sem inniheldur hálkuvörn og í miklum litamismun við tröppurnar. Það auðveldar sjónskertum að sjá þrepbrúnirnar og blindum að finna kantinn með hvítum staf.




Mynd 7. Dæmi um merkingu tröppunefs

4 Í 5. mgr. 6.2.2 gr. segir:

„Lýsing og merkingar við alla gangstíga, hjólastíga, akbrautir og bílastæði skulu henta þeirri umferð sem gert er ráð fyrir á svæðinu. Auk skilta skulu vera yfirborðsmerkingar á gangbrautum yfir akbrautir.“

Lýsing bílastæða og gönguleiða þarf að vera góð og glýjufrí. Huga þarf vel að litavali ljósa-stæða svo sjónskertir sjái þau betur. Hæð ljósapolla eða umferðarpolla skal vera að lágmarki í mjaðmarhæð svo sjónskertum og blindum stafi ekki hætta af þeim. Best er að vera með ljósa-stæði með hlutfallslega stuttu millibili, að hámarki 10 m. Þannig vísa þau leiðina að inngangi bygginga sem hentar sérstaklega vel fyrir sjónskerta og aldraða. Það kemur sjónskertum og öldruðum einnig vel ef tröppur og skábrautir eru með sterkari lýsingu en almennar gönguleiðir og að inngangar séu með sterkustu lýsingunni.



Lýsing sem vísar
leiðina að inngangi

Mynd 8. Dæmi um lýsingu



Allar merkingar skulu vera skýrar, greinilegar og auðlesnar. Merkja skal eða afmarka alla stóra glerfleti sem eru í gönguleiðum á skýran og greinilegan hátt. Merking skal vera í 0,90 m hæð og í 1,40-1,60 m hæð með áberandi hætti. Á lóðum skulu allar merkingar, upplýsinga- og ratskilti þeirra vera skýrar, greinilegar, auðlesnar, auðskildar og glampafríar.

Æskilegt er að mikill litamismunur sé á milli bakgrunns og skiltis. Þá er auðveldara að sjá skiltið úr fjarlægð og texti auðlesnari.

**Lélegur litamismunur
skiltis og veggjar**

Mynd 9

**Góður litamismunur
skiltis og veggjar**

Mynd 10

Nauðsynlegt er að mikill litamunur sé á texta og bakgrunni skiltis. Mismunur skal vera að minnsta kosti 60 mælt í LRV eða 0,75 á NCS skalanum (hlutfall endurkastshæfni ljóss). Forðast skal að nota einungis hástafi. Letur skal vera skýrt til dæmis Tahoma, Ariel, Calibri eða svipaðar, ekki skal nota skrautskrift.

**Texti með miklum
litamismun við
bakgrunn skiltis, dökkur
á ljósum grunni.
Hlutfall endurkastshæfni
ljóss a.m.k. 60 (LRV)**

Mynd 11

**Texti með miklum
litamismun við bakgrunn
skiltis, ljós á dökkum
grunni.
Hlutfall endurkastshæfni
ljóss a.m.k. 60 (LRV)**

Mynd 12

Auk skilta skulu vera yfirborðsmerkingar á gangbrautum yfir akbrautir.



Mynd 13. Dæmi um yfirborðsmerkingu gangbrautar yfir akbraut



Hjólbrautir og bílastæði bæði almenn og fyrir hreyfihamlaða skulu vera með yfirborðsmerkingu auk skilta.



Mynd 14. Dæmi um yfirborðsmerkingu hjólastígs

5 Í 6. mgr. 6.2.2 gr. segir:

„Frágangur gangstíga, akbrauta, hjólastíga og bílastæða skal vera þannig að þar verði ekki uppsöfnun vatns og yfirborð skal henta fyrirhugaðri umferð.“

Aðkoma að byggingum og útivistarsvæðum þeirra, frá götu og bílastæðum skulu vera með bundnu og sléttu yfirborðsefni með hákuvörn og gott er að hún sé upphituð í fullri breidd þar sem þess er kostur. Aðkomuleiðir skulu hafa hliðarhalla 1:40 (2,5 %) að hámarki til að forðast uppsöfnun vatns og þar af leiðandi ísingu.

Fúgur flísa og hellna eiga almennt að vera að hámarki 5 mm breiðar. Ef þær eru breiðari er best að fylla þær alveg upp með endingargóðu föstu efni.